BLANCHETT OG DENCH

BÁÐAR ERU TILNEFNDAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA FYRIR LEIK Í NOTES ON A SCANDAL » 3



lesbók




Byssukúlur seðja ekki hungur mávanna við Tjörnina » 2

Morgunblaðið
Laugardagur 24. 2. 2007
81. árg.




Emilie Simon Emilie er meðal frönsku poppstjarnanna sem koma til Íslands.



Morgunblaðið/Kristinn

Pierre Huyghe „Ég vil ekki festast í viðjum listheimsins," segir Huyghe í samtali við Rögnu Sigurðardóttur en sýning hans í Hafnarhúsinu byggir meðal annars á íslenskri myndlist.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Edouard Glissant „Eyjar geisla frá sér í allar áttir, ekki bara eina átt, þaðan liggja vegir til allra átta."

Frelsið eða vinnuna?

Frönsk menningarhátíð á Íslandi

Franska menningarhátíðin Pourquoi pas? hófst sl. fimmtudag. Í *Lesbók* í dag er birt viðtal Rögnu Sigurðardóttur myndlistargagnrýnanda við Pierre Huyghe sem opnar sýningu í Hafnarhúsi í dag. Hann hefur vakið athygli fyrir fágaðan leik með mörk raunveruleika og skáldskapar í verkum sínum. Sigurður Pálsson skáld ræðir við Edouard Glissant, einn fremsta rithöfund Frakka. Árni Matthíasson skrifar um franska popptónlist sem verður áberandi á hátíðinni. Pétur Gunnarsson rithöfundur birtir svo grein um franska menningu sem hann ber saman við íslenska menningu. Hann bendir til dæmis á að hugtakið „frelsi" sé ekki jafn tamt íslenskri hugsun og franskri, einna helst að bankar og símafyrirtæki beiti því fyrir sig hérlendis. Og Pétur spyr:

„Hvað skyldu Íslendingar hafa sett á gunnfánann ef þeir hefðu gert byltinguna í stað Frakka? Vinnuna kannski? „Vinna, jafnrétti, bræðralag". Og æstustu byltingarseggirnir „yfirvinnuna"." » 4-5, 8-9, 12-13